



- Erindisbréf -

Starfshópur um stefnumörkun Stykkishólmsbæjar í málefnum einstaklinga 60+

*Samþykkt í bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar
þann 29. apríl 2021*

Stjórnskipuleg staða

Starfshópurinn starfar í umboði bæjarstjórnar.

Starfshópurinn starfar á **almennu sviði**, sem er undir stjórn **bæjarstjóra**.

Skipan starfshópsins

Í starfshópnum eiga sæti **þrír fulltrúar**, sem bæjarstjórn kýs skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar. Auk kjörinna fulltrúa á bæjarstjóri og tómstunda- og æskulýðsfulltrúi rétt á að sitja fundi hópsins, með málfrelsi og tillögurétt. Starfshópurinn getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

Með hópnum starfar tómstunda- og æskulýðsfulltrúi og í samráði við bæjarstjóra aðrir starfsmenn bæjarins hverju sinni eftir þörfum. Þá skal starfshópurinn leita samráðs við formenn öldungaráðs, velferðar- og jafnréttismálanefndar og stjórnar Dvalarheimilisins í tengslum við vinnu sína og eftir atvikum nefndanna í heild sinni, sem og stjórnar Aftanskins.

Hópurinn kýs formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og ritara á fyrsta fundi sínum.

Starfshópurinn skal hafa lokið störfum fyrir 15. september 2021 ef kostur er. Hann skal að **hámarki halda 12 fundi**.

Hlutverk

Meginhlutverk starfshópsins er að:

- **Endurskoða og/eða marka heildstæða stefnu um þjónustu við einstaklinga 60+ í Stykkishólmi til framtíðar í ljósi þeirrar breytinga sem vænta má í málefnum einstaklinga 60+ vegna**
 - breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar,
 - þróunar sem er að eiga sér stað í velferðar- og heilbrigðisþjónustu í Íslandi og
 - flutningi hjúkrunarheimilisins í Stykkishólmi frá Skólastíg 14 á Austurgötu 7 (St. Franciskussjúkrahúsið) á árinu 2022.
- Starfshópurinn skal horfa til þeirrar vinnu sem fram fór á árinu 2006 og eftir atvikum byggja á grunni þeirrar stefnumörkunar sem og öðrum gögnum sem fyrir liggja af hálfu bæjarins, en starfshópurinn hefur val um hvort hann **endurskoði/endurskrifi fyrirbyggjandi**



stefnumörkun, með þeim efnislegu viðbótum sem erindisbréf þetta gerir ráð fyrir, **eða gera tillögu að nýrri stefnumörkun**.

- **Móta tillögur/hugmyndir að framtíðarskipan í málefnum aldraða/öldrunarþjónustu og starfsemi, í samræmi við stefnumörkunar nefndarinnar**, sem og að leggja til aðgerðaráætlun til nokkurra ára út frá framangreindum tillögum, ásamt grófu kostnaðarmati á aðgerðum. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir að starfshópurinn horfi til samstarfs og samþættingar á heimahjúkrun og stuðningsþjónustu, á grunni þeirrar vinnu sem á sér stað hjá samráðshópi sem starfar á vegum sveitarfélaga á Vesturlandi, og greini þá möguleika sem til staðar eru fyrir bættu þjónustu þegar til framtíðar er litið.
- Starfshópurinn skal **leggja sérstaka áherslu á mótun og skipulag húsnæðismála aldraða í Stykkishólmi og framtíðarsýn fyrir notkun húsnæðis bæjarins að Skólastíg 14 og þjónustu á staðnum með tilliti til stefnumörkunar starfshópsins í málefnum aldraða og tillögur að framtíðarskipan**, þ.m.t. að leggja til fjölda íbúða miðað við áætlaða þörf og skipulag rýma, sem og meta hvort og þá með hvaða hætti mögulegt væri að koma fyrir annarri þjónustu í húsnæðið, hvort sem það væri útfært með skiptri nýtingu á húsnæðinu eða samnýtingu, en þar gæti t.a.m. komið til greina að hluti íbúða yrðu skilgreindar sem félagslegar íbúðir eða íbúðir á almennum leigumarkaði. Starfshópurinn getur skilað aðgreindum tillögum í þessum efnum.
- Gera tillögu að nýrri gjaldskrá fyrir þjónustu eftir atvikum.
- Í vinnu sinni skal starfshópurinn **leggja áherslu á það sjónarmið að íbúar geti sem lengst lifað sem eðlilegustu heimilislífi, á sínu eigin heimili**, í samræmi við stefnumörkun ríkisins, með þeirri þjónustu sem á þarf að halda á hverjum tíma. Einnig hvernig megi best stuðla að betra og farsælla lífi fyrir fólk á efri árum í Stykkishólmi.
- Nefndin skal skila tillögum ásamt greinargóðri skýrslu í samræmi við hlutverk nefndarinnar.
- Nefndin skal leita eftir áliti fag- og hagsmunaaðila og þeirra sem málið kann að varða í samráði við bærastjóra.

Að öðru leyti hefur nefndin frjálssar hendur um vinnulag, sbr. þó hér á eftir um starfshætti, á hvern hátt verkefnið er unnið og hvernig nefndin skiptir með sér verkum. Þá skulu skil á niðurstöðum vera með þeirri aðferð sem nefndin telur skilvirkasta en þó skulu niðurstöður nefndarinnar vera skriflegar.

Nefndinni er heimilt að fjalla um aðra þætti en taldir eru upp hér að framan, telji hún þá skipta máli í þessu sambandi.

Starfsmenn sveitarfélagsins fá ekki greitt sérstaklega fyrir setu í nefndinni, fyrir að að mæta á fund nefndarinnar eða verkefni sem þeim er ætlað að sinna á milli funda, en aðrir fá greidda þóknun fyrir fundarsetu í samræmi við þóknun nefndarmanna fastanefnda Stykkishólmsbæjar.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í IV. kafla **samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar** og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Starfshópurinn kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaaætlun. Skal hópurinn gera samþykkt um fundaaætlun á sínum fyrsta fundi, að höfðu samráði við bærastjóra. Sé um að ræða fund, sem ekki er gert ráð fyrir að sé á samþykkttri



fundaráætlun, skal formaður tilkynna nefndarmönnum um áætlaðan fund eigi síðar en fimm sólahringum fyrir áætlaðan fund.

Formaður starfshópsins, sér um boðun funda. Formaður skal ávallt hafa samráð við bæjarstjóra um boðun fundar og kynna honum efni hans. Fundarboðun skal vera skrifleg eða rafræn með tölvupósti, þar sem fundarstaður er tilgreindur, tími og dagskrá fundar. Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Formaður starfshópsins stýrir fundum nefndarinnar skv. 39. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar.

Starfshópurinn skal halda gerðarbók. Kjörinn ritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Starfshópurinn getur ákveðið að fundargerðir verði skráðar í tölvu og skal það þá gert í samræmi við 16. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar. Þegar fundargerð er tölvuskráð skal bóka í gerðabók helstu grundvallaratriði um upphaf og lok fundar, hverjir sátu fundinn og hve margar blaðsíður hin tölvuskráða fundargerð er.

Í fundargerð skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Ritara er þó heimilt, með samþykki nefndarinnar, að ganga endanlega frá ritun fundargerðar eftir að fundi lýkur og afla þá samþykkis nefndarmanna á fundargerð með rafrænum hætti (tölvupósti) og skal þá sú fundargerð vera lögð fram til endanlegrar staðfestingar og undirritunar á næsta fundi starfshópsins. Heimild þessi á þó ekki við ef nefnd hefur verið falið að taka fullnaðarákvörðun um mál.

Formaður starfshópsins ber ábyrgð á að fundargerðum sé komið til ritara/aðstoðarmanns bæjarstjóra sem hefur umsjón með að fundargerðinni sé komið í staðfestingarferil hjá bæjarstjórn þannig að hún verði lögð fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti starfshópsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Formaður starfshópsins og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktá hópsins og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Stykkishólmsbæjar eftir atvikum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli.



Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa almannahagsmuni og hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar í starfshópnum og þeir sem sitja fundi hans eru bundnir þagnarskyldu. **Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum.** Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nána venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti.

Starfshópurinn tekur ákvörðun um hæfi nefndarmanns. Nefndarmaður sem hlut á að máli tekur þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Nefndarmaður sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Stykkishólmsbæjar.